

Hið Norðlenska Styrjufjelag ehf
Pálsbergsgötu 1
625 Ólafsfjörður

Akureyri, 8.12.2023
UST202307-108/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 02.11.2023 – Hið Norðlenska Styrjufjelag, Ólafsfirði

Þann 2. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Hið Norðlenska Styrjufjelags ehf., Ólafsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Gerð er ábending um að setja þurfi lekabyttu undir lýsisgeyma svo ekki sé hætt á að lýsi berist út í frárennslið, komi rof á umbúðirnar.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. **Gr. 3.10 í starfsleyfi.** Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Öryggisblöð voru ekki til staðar er eftirlitið fór fram og var rekstraraðila bent á að óska eftir þeim hjá söluaðila efnanna. **Farið verður yfir aðgengi að öryggisblöðum í næsta eftirliti.**
2. **Gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar bárust eftirlitsaðila þann 7. nóvember sl. og er frávíkinu því lokið.

Fullnægjandi gögn hafa borist vegna frávíks nr. 2 og verður því ekki um frekari eftirfylgni að ræða af hálfu Umhverfisstofnunar hvað það varðar. Úrbætur vegna frávíks nr. 1 verða teknar út við næsta eftirlit.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur